

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2077**

2024/EES/11/03

frá 10. nóvember 2017

um breytingu á ákvörðun 2005/50/EB um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárnúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu*(tilkynnt með númeri C(2017) 7374) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um reglugerð um stefnu Evrópu-bandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB ⁽²⁾, eins og henni var breytt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/485/ESB ⁽³⁾, voru samræmd tæknileg skilyrði fyrir aðgengi og skilvirkri notkun á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar fyrir skammdrægan ratsjárnúnað í vélknúnum ökutækjum. Þessi ratsjárnúnaður hjálpar til við að koma í veg fyrir árekstur bifreiða.
- 2) Ákvörðun 2005/50/EB leggur kvöð á aðildarríki um skil á tölfræðilegum gögnum, þ.m.t. kröfu um að safna árlega gögnum um þann fjölda ökutækja sem búinn er skammdrægum ratsjárnúnaði sem notar tíðnisviðið 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar.
- 3) Jafnvel þótt viðhalda ætti þeirri kvöð um að hafa náði eftirlit með notkun tíðnisviðsins 24 GHz fyrir skammdrægan ratsjárnúnað virðist ósanngjarnt að krefja hvert landsyfirvald um að leggja fram kerfisbundið, ár hvert, tölfræðileg gögn, eins og gert er ráð fyrir í ákvörðun 2005/50/EB. Úrræði landsbundinna stjórnvalda myndu nýttast betur ef aðildarríki legðu einungis fram þessar tölfræðiskýrslur óski framkvæmdastjórnin eftir því. Framkvæmdastjórnin gæti óskað eftir þessum tölfræðiskýrslum í þeim fáu tilvikum sem tilkynnt er um truflanir eða verulega fjölgun ökutækja sem eru búin ratsjárnúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz.
- 4) Frá því ákvörðun 2005/50/EB var samþykkt hafa ekki borist neinar tilkynningar um skaðlegar truflanir vegna ýmis konar þjónustu sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðuninni. Þau ökutæki sem búin eru skammdrægum ratsjárnúnaði og nota tíðnisviðið 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar hafa almennt verið fá og í öllum tilvikum vel fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem nema 7% af heildarfjölda ökutækja sem eru í notkun í hverju aðildarríki. Prósentutalan, sem er undir viðmiðunarmörkunum, telst ekki valda neinum skaðlegum truflunum fyrir aðra notendur tíðnisviðsins 24 GHz.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun 2005/50/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2005/50/EB er breytt sem hér segir:

Í stað orðanna „Safna skal eftirfarandi gögnum árlega:“ í viðaukanum við ákvörðunina kemur:

„Safna skal eftirfarandi gögnum óski framkvæmdastjórnin eftir því:“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 13, 25.2.2021, bls. 46.

(1) Stjttíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EC frá 17. janúar 2005 um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárnúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu (Stjttíð. ESB L 21, 25.1.2005, bls. 15).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/485/ESB frá 29. júlí 2011 um breytingu á ákvörðun 2005/50/EB um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárnúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu (Stjttíð. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 71).

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariya GABRIEL

framkvæmdastjóri.
